
ÁRBÓK SVEITARFÉLAGA 2016

REYKJAVÍK OKTÓBER 2016

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 – Pósthólf 8100

128 – REYKJAVÍK

www.samband.is

Árbók sveitarfélaga 2016 – 32. árgangur

© Samband íslenskra sveitarfélaga – 2016/22

Umsjón með útgáfu: Sigurður Á. Snævarr – Jóhannes Á. Jóhannesson

Umbrot: Magnús Karel Hannesson – Ingibjörg Hinriksdóttir

Prentun: Prentsmiðjan Oddi hf.

ISSN 1021-822X

Formáli

Árbók sveitarfélaga kom fyrst út árið 1985. Á fyrstu árunum var þar að finna ítarlegt yfirlit um starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Eftir því sem árin liðu urðu tölulegar upplýsingar um starfsemi sveitarfélaga viðameiri og tóku þær æ meiri hluta árbókarinnar. Ýmsum öðrum köflum var vikið til hliðar rýmisins vegna.

Árbók 2016 er sú þrítugasta og önnur í röðinni. Árbókin gegnir enn lykilhlutverki við miðlun upplýsinga um sveitarfélög landsins. Um margra ára skeið hefur hún verið aðgengileg á heimasíðu sambandsins, www.samband.is, ásamt annarri tölfærði sem lýsir hag sveitarfélaga. Engu að síður hafa kannanir sem sambandið hefur gert meðal sveitarstjórnarmanna leitt í ljós að þeir meta það að árbókin sé jafnframt gefin út á prenti. Bókin er þægileg til að slá upp tölum og gera samanburð milli sveitarfélaga, enda er hún hafsjór af athyglisverðri tölfærði um rekstur og starfsemi sveitarfélaga. Þegar menn vilja á hinn bóginn endurraða tölum og búa til samanburð milli hinna ýmsu rekstrar- og efnahagsstærða hjá sveitarfélögum þá nýtist rafræna útgáfan vel. Þá gefur hag- og upplýsingasvið einnig út rit sem hefur að geyma lykiltölur um rekstur sveitarfélaga, þar sem áhersla er lögð á samanburð milli þeirra. Nýjasta heftið í þeirri ritröð, *Lykiltölur úr rekstri sveitarfélaga 2015*, kom út í september 2016. Ritið má nálgast á heimasíðu sambandsins.

Jafnan hefur verið leitast við að gefa árbókina út um leið og efnt er til fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Undanfarin ár hefur ráðstefnan verið haldin fyrir en áður, m.a. til að koma til móts við óskir sveitarstjórnarmanna með tilliti til vinnu við gerð fjárhagsáætlana. Jafnframt þessu hafa ýmsar upplýsingar sem safnað og unnið er úr við gerð árbókarinnar borist síðar en áður. Af þessum ástæðum er sama upp á teningnum nú og í fyrra, að árbókin kemur út nokkru eftir fjármálaráðstefnuna.

Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins, annaðist alla vinnslu talnaefnis úr ársreikningum og uppsetningu á töflum, Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, skrifaði þann texta sem ekki er aðsendur. Sigríður Inga Sturludóttir annaðist prófarkalestur og Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs, annaðist prófarkalestur og uppsetningu bókarinnar. Eru þeim hér færðar þakkir fyrir þeirra mikilvæga framlag til útgáfu Árbókar sveitarfélaga 2016.

Karl Björnsson framkvæmdastjóri.

Efnisyfirlit

Kaflar

Kaflí 1 Afkoma sveitarfélaganna – rekstur, efnahagur og sjóðstreymi	5
Kaflí 2 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	21
Kaflí 3 Ársreikningar sveitarfélaga og álagning skatttekna	31

Yfirlitstöflur

Tafla 1 Samantekt ársreikninga 2015	34
Tafla 2 Rekstraryfirlit sveitarsjóða, landið allt	36
Tafla 3 Heildaryfirlit 2009 til 2015.....	37
Tafla 4 Ársreikningar sveitarfélaga 2015	43
Tafla 5 Skatttekjur sveitarfélaga (kr. á íbúa)	68
Tafla 6 Rekstur málaflokka (kr. á íbúa)	70
Tafla 7 Lykiltölur, hlutfall af tekjum	94
Tafla 8 Lykiltölur úr rekstri (kr. á íbúa)	98
Tafla 9 Lykiltölur úr sjóðstreymi og efnahag (kr. á íbúa)	102
Tafla 10 Álagt útsvar 2016 vegna launa 2015	106
Tafla 11 Álagður fasteignaskattur 2016	108
Tafla 12 Álagningarreglur fasteignagjalda árið 2016 í sveitarfélögum með meira en 1.000 íbúa	110
Tafla 13 Álagningarreglur fasteignagjalda árið 2016 í sveitarfélögum með 300–999 íbúa og minna þéttbýli	111
Tafla 14 Íbúafjöldi í sveitarfélögum 1. janúar 2016	112
Tafla 15 Aldursskipting íbúanna eftir sveitarfélögum	114
Tafla 16 Stöðugildi hjá sveitarfélögunum 2016	116
Tafla 17 Upplýsingar um starfsemi grunnskóla árið 2015	118
Tafla 18 Upplýsingar um starfsemi leikskóla árið 2015	127

Kort

Kort 1 Sveitarfélög 1. janúar 2016 og kjördæmaskipan	138
--	-----

1 AFKOMA SVEITARFÉLAGANNA - REKSTUR, EFNAHAGUR OG SJÓÐSTREYMI

Inngangur

Árbók sveitarfélaga er að öllu meginefni um fjármál sveitarfélaga eins og ráða má í þau út frá ársreikningum þeirra. Í árbók 2016 er fjallað um reikninga ársins 2015 og þeim gerð skil í fjölmörgum töflum. Á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is, má finna ítarlegt talnaefni um fjárhag sveitarfélaga. Þá hefur sambandið gefið út *Lykiltölur úr rekstri sveitarfélaga 2015*, en þar er að finna margvíslegar upplýsingar um rekstur og fjárhag sveitarfélaga og samanburð milli þeirra.

Stundum er sagt að tölur tali sínu máli og eflaust er sannleikskorn í því. Í þessari umfjöllun er þó leitast við að draga fram ýmsa þætti í afkomu sveitarfélaga árið 2015 og hún meðal annars sett í samhengi við niðurstöður fyrri ára. Reikningsskilum sveitarfélaga var breytt verulega með reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000. Fyrir vikið eru reikningar sveitarfélaga fyrir árið 2002 með öllu ósamanburðarhæfir við reikninga eftir þann tíma. Samanburður við fyrri ár einskorðast því við tímabilið frá 2002.

Víða í töflum sem og í þessum kafla er vísað til samtalna og brugðið upp ýmsum meðaltölum. Hafa verður í huga að sveitarfélög landsins eru afar mismunandi að stærð. Í Reykjavík búa um 37% landsmanna, og umfang Reykjavíkurborgar í samanburði við önnur sveitarfélög endurspeglar það. Sem dæmi má nefna að 4.500 íbúar eru að meðaltali í hverju sveitarfélagi. Þessi meðaltöl segja þó litla sögu og gefa ekki fulla mynd af íslenskum sveitarfélögum. Aðeins ellefu sveitarfélög eru jafnfjölmenn og meðaltalið segir til um. Ef Reykjavík er sleppt lækkar meðaltalið niður í um 2.900. Af þessu leiðir að áhrifa Reykjavíkurborgar gætir mjög víða í heildar- og meðaltölum sveitarfélaga.

A- og B-hluti

Í reikningsskilum sveitarfélaga er starfseminni skipt í tvo hluta, A- og B-hluta. Til A-hluta heyrir sú starfsemi sem sveitarfélag fjármagnar að hluta eða öllu leyti með skatttekjum. A-hluta sveitarsjóða má enn fremur greina í aðalsjóð og aðra sjóði. Eignarsjóður er fremstur í flokki annarra sjóða, en hann leigir út varanlega rekstrarfjármuni til stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga, innheimtir af þeim innri leigu sem mið tekur af raunverulegum kostnaði. Í B-hluta eru fyrirtæki, stofnanir eða aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða að meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Fyrirtæki í B-hluta eru margvísleg, m.a. stunda þau rekstur:

- hafna

Rekstur í B-hluta

- veitna
- félagslegra íbúða
- sorpeyðingar
- bílastæða.

Byggðasamlög

Alltítt er að sveitarfélög stofni með sér byggðasamlög um einstök verkefni. Má þar nefna t.d. Sorpu bs., Strætó bs., hafnasamlög og byggðasamlög um málefni fatlaðs fólks. Byggðasamlög lúta sömu reglum og B-hluta stofnanir. Þó er sá munur á að rekstur og efnahagur byggðasamlags er færður á reikninga B-hluta þess sveitarfélags sem meiri hluta á í því.

Tekjustofnar

Tekjustofnar eru fjórir

Tekjustofnar sveitarfélaga eru fjórir; útsvar, fasteignaskattar, greiðslur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þjónustutekjur. Mælt er fyrir um þessa stofna í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Útsvar

- Stofn útsvars er sami og stofn tekjuskatts ríkisins.
- Lög kveða á um að lágmarksútsvar vegna tekna ársins 2015 sé 12,44% og hámarksútsvar 14,52%.
- Við yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks árið 2011 hækkaði útsvarsheimild sveitarfélaga um alls 1,24%.

Fasteignaskattar

- Þjóðskrá metur fasteignir til fasteignamats eftir gangvirði þeirra m.v. febrúarmánuð og staðgreiðsluverð. Tekur það mat gildi 1. janúar árið eftir.
- Fasteignaskattar eru lagðir á í þremur mismunandi flokkum eftir eðli og nýtingu fasteigna.
- Íbúðarhúsnæði til einkanota eiganda, svokallaður A-flokkur, ber að hámarki skatt sem nemur 0,5% af matsverði. Atvinnuhúsnæði, þ.m.t. útleiga íbúðarhúsnæðis í atvinnuskyni, sk. C-flokkur, ber allt að 1,32% skatt. Sama hámarks skatthlutfall bera opinberar byggingar, sk. B-flokkur.
- Sveitarstjórn er heimilt að hækka um allt að 25% álagningu á A- og C-flokk.

Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

- Framlög frá jöfnunarsjóði til sveitarfélaga, að undanskildum framlögum vegna húsaleigubóta, færast sem tekjur í reikninga sveitarfélaga.

Þjónustutekjur


- Sveitarfélög hafa nokkurt sjálfðæmi um ákvörðun um gjaldtöku fyrir þjónustu, þó að því marki að gjald má ekki vera hærra en kostnaður við veitta þjónustu.

Rekstur sveitarfélaga 2015 og samanburður við fyrri ár

Í þessum kafla er gerð grein fyrir afkomu og rekstri sveitarfélaga 2015 og rakin þróun undanfarinna ára. Vísað er til talna í töflu 3 á bls. 37.

Tekjur

Tekjur sveitarfélaga hafa verið tiltölulega stöðugar sem hlutfall af landsframleiðslu á undanförunum 15 árum. Hagsveiflur hafa jafnframt haft veruleg áhrif á tekjur þeirra, eins og mynd 1 sýnir.




MYND 1. BREYTING TEKNA A-HLUTA SVEITARFÉLAGA OG AFKOMA Í SAMANBURÐI VIÐ HAGVÖXT.

Á mynd 1 er sýnd breyting tekna A-hluta sveitarfélaga umfram verðvísitölu samneyslu og breyting landsframleiðslu jafnframt á föstu verðlagi. Veruleg fylgni er milli þessara stærða, eða 82%. Þó eru nokkur ár þar sem frávik eru umtalsverð, s.s. árið 2008 er tekjur sveitarfélaga drógust saman um 7,5% en landsframleiðsla jókst um 1,5%. Árið 2015 jókst landsframleiðsla um 4,2% en tekjur sveitarfélaga aðeins um 1,7%. Minni fylgni er milli útgjalda sveitarfélaga og hagsveiflu og enn minni milli afkomu þeirra og hagsveiflunnar. Afkoma í mynd 1 er fyrir fjármagns- og óreglulega liði og sýnd sem hlutfall af tekjum.

Stærsti einstaki tekjuliður sveitarfélaga eru útsvarstekjur og stóðu þær undir 58% af tekjum A-hluta sveitarfélaga árið 2015 og fasteignaskattar undir 11%. Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga svöruðu til 13% tekna sveitarfélaga, þjónustutekjur 16% og lóðarleiga 2%.

Tekjur sveitarfélaga fylgja hagsveiflu


Útsvarstekjur 58% tekna



MYND 2. SKIPTING TEKNA A-HLUTA SVEITARFÉLAGA 2015.

Þróun helstu tekjuliða sveitarfélaga frá 2002 til 2015 er rakin í mynd 3. Hér er þróunin sýnd á föstu verðlagi ársins 2015 og miðað við vísitölu neysluverðs. Þannig reiknuð reyndust heildartekjur sveitarfélaganna á árinu 2015 hærri en á því mektarári 2007. Útsvarstekjur hækkuðu um 41% umfram vísitölu neysluverðs, fasteignaskattar um 78% og framlög jöfnunarsjóðs um 125%.

Framlög jöfnunarsjóðs hækkuðu mest



MYND 3. TEKJUR A-HLUTA SVEITARFÉLAGA Á VERÐLAGI 2015 M.V. VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS.

Það er langt í frá sjálfgefið að færa útsvarstekjur sveitarfélaga til fasts verðlags miðað við vísitölu neysluverðs. Sú vísitala mælir verð á neysluvörum heimila, en ekki verð á þeim vörum og þeirri þjónustu sem sveitarfélög kaupa. Mestu skiptir í því efni að launakostnaður er stærsti einstaki kostnaðarliður í rekstri sveitarfélaga. Við mat á samneyslu í þjóðhagsreikningum fæst (fólgin) verðvísitala samneyslu sem mælir verð á vörum, þjónustum og vinnuafli sem

opinberir aðilar kaupa. Sú vísitala hækkaði um 6,7% milli 2014 og 2015, samanborið við 1,6% hækkun vísitölu neysluverðs, og ætti að gefa betri mynd af kaupmáttaraukningu sveitarfélaga. Milli 2014 og 2015 hækkuðu tekjur sveitarfélaga um 1,3% umfram hækkun verðvísitölu samneyslu en um 6,4% umfram vísitölu neysluverðs.

Önnur leið til að eyða verðlagsáhrifum og gera tölur úr ársreikningum samanburðarhæfar milli ára og yfir lengra tímabil er að sýna þær sem hlutfall af tekjum. Þeirri leið er fylgt í þessari samantekt.

Útsvar

Útsvar er hlutfallslegur skattur, það er hann er lagður á með einu skatthlutfalli óháð tekjum framteljenda. Tekjuskattar til ríkisins eru lagðir á með þremur stighækkandi skatthlutföllum og persónuafsláttur dreginn frá útreiknuðum sköttum. Persónuafsláttur er greiddur af ríkinu. Skattleysismörk ársins 2015 námu röskum 142.000 kr. á mánuði að tilliti teknu til lögbundinna lífeyrisiðgjalda. Sveitarfélögunum er engu að síður reiknað útsvar af þessum tekjum sem ríkissjóður greiðir með persónuafslætti.

Iðgjald launamanns til lífeyrissjóðs sem og til séreignasparnaðar, er frádráttarbært frá tekjum og tekjuskatts-/útsvarsstofn lækkar sem því nemur. Frádráttur vegna iðgjalda til lögbundinna lífeyrissjóða nam á árinu 2015 um 37.000 m.kr. og vegna viðbótarlífeyris um 21.000 m.kr. Lífeyrir sem af iðgjaldi leiðir og greiðist í fyllingu tímans mun bera tekjuskatt og útsvar. Sveitarfélögin eiga þannig að fá til baka fjármuni sem svarar til frádrætti iðgjalds launamanns auk mótfamlags launagreiðenda og ávöxtun iðgjalda.

Frádráttur iðgjalda


Með lögum um séreignasparnað nr. 40/2014 var heimilað að ráðstafa viðbótar-iðgjaldi til greiðslu inn á höfuðstól húsnæðislána, bæði iðgjaldi launafólks og mótfamlagi launagreiðenda. Samhliða var þessi ráðstöfun iðgjalds undanþegin skattlagningu með breytingu á lögum um tekjuskatt. Upphaflega skyldi þetta fyrirkomulag gilda frá miðju ári 2014 til jafnlengdar 2017, en síðar framlengt allt til miðs árs 2019 eins og kveðið er á um í lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra var 11.288 m.kr. viðbótar-iðgjaldi ráðstafað til skattfrjálsrar lækkunar höfuðstóls lána á árinu 2015. Gera má ráð fyrir að sveitarfélögin hafi orðið af útsvarstekjum vegna þessa sem nemur um 1.600 m.kr. á árinu 2015.

Ráðstöfun iðgjalds inn á lán

Lögbundið hámark útsvarshlutfalls var 13,03% og lágmark 1,79 prósentustigi lægra árið 2002. Röskur helmingur sveitarfélaga, 67 af 122, lögðu þá á hámarksútsvar. Árið 2015 var hámarksútsvar 14,52% og lágmark 2,08 prósentustigum lægra. Þrjú af hverjum fjórum sveitarfélögum, 56 af 74, lögðu á hámarksútsvar árið 2015. Vegna fjárhagserfiðleika Reykjanesbæjar nýtti bærinn sér lagaheimild til að innheimta útsvar með álagi, 10%, og lagði hann á 15,05% útsvar á árinu 2015.

Útsvarsheimild

Í töflu 10 er álagningarhlutfall sveitarfélaga rakið og útsvarstekjur þeirra í heild, en tafla 5 sýnir útsvarstekjur á hvern íbúa.



MYND 4. ÚTSVARSHIEMILD OG MEÐALÁLAGNING ÚTSVARIS.

Meðalútsvar 14,45%

Frá 2002 til 2015 hækkaði vegið meðalútsvarshlutfall úr 12,79% í 14,45%. Útsvarheimild var hækkuð úr 13,03% í 13,28% árið 2009 til að bregðast við versnandi afkomu hins opinbera og samhliða hækkaði tekjuskattsprósenta ríkisins úr 22,75% í 24,1%. Við yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks árið 2011 var tekjuskatthlutfall ríkisins lækkað um 1,2% og útsvarsheimild sveitarfélaga hækkuð um sama hlutfall, sem skiptust þannig að 0,25% gengu til sveitarfélaga en 0,95% til jöfnunarsjóðs sem eftir ákveðnum reglum dreifði tekjuaukanum á þjónustusvæði. Enn var gerð breyting 2014 sem fól í sér 0,04% hækkun á útsvarsheimild og á móti féllu niður nokkur sértæk framlög vegna yfirfærslu málefna fatlaðs fólks.

Fasteignaskattur

Í töflu 11 er greint frá álagningu fasteignaskatts 2015 í hverju og einu sveitarfélagi. Kemur þar fram álagningarhlutfall í hverjum flokki, sem og skatttekjur í heild og á hvern íbúa. Í meðfylgjandi töflu eru heildarstærðir dregnar saman. Tekjur sveitarfélaga af fasteignasköttum af atvinnuhúsnæði er um helmingur tekna af fasteignasköttum, sem skýrist af því að álagningarhlutfall í C-flokki er margfalt á við það sem á við um A-flokk.

Tekjur mestar af C-flokki

Tegund húsnæðis	Meðal- álagning	Tekjur m.kr.	Tekjur á íbúa þús.kr.
Íbúðarhúsnæði, A-flokkur	0,292%	12.212	36,7
Opinberar byggingar, B-flokkur	1,320%	4.300	12,9
Atvinnuhúsnæði, C-flokkur	1,639%	18.860	56,7
Samtals		35.372	106,4


Tæpur helmingur sveitarfélaga, 36 af 74, eru með lægri álagningu á íbúðarhúsnæði en svarar til heimilaðs hámarks. Þá álagningu er að finna í 24 sveitarfélögum. Loks innheimta 14 sveitarfélög fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði með álagi, þar af 9 með hámarksálagi sem þýðir að álagning þeirra er 0,625%.

Álagning allra sveitarfélaga er 1,32% á opinberar byggingar, en ekki er heimild til að innheimta með álagi í B-flokki. Meiri breytileiki er á álagningu á atvinnuhúsnæði í C-flokki, 10 sveitarfélög leggja fasteignaskatt á atvinnuhúsnæði sem er undir heimiluðu hámarki og þrjú þeirra leggja á hámarks skatt. Flest sveitarfélög, eða 61, nýta heimilað hámark með álagi og 43 nýta fullt álag og leggja 1,65% fasteignaskatt á atvinnuhúsnæði.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Í kafla 2 er sérstök grein gerð fyrir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og kemur þar fram hver uppruni tekna hans er sem og ráðstöfun til sveitarfélaga og annarra. Á árinu 2015 námu framlög jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga og samlaga þeirra 26.344 m.kr., eins og rakið er í kafla 2 auk 12.505 m.kr. vegna málefna fatlaðs fólks. Hluti af þessum framlögum bókast hjá byggðasamlögum, s.s. um málefni fatlaðs fólks, hluti sem tekjur málaflokka, s.s. húsaleigubætur. Stærsti hlutinn færir sem tekjur sveitarfélaga, eða alls 33.286 m.kr. Árið 2015 námu þessi framlög jöfnunarsjóðs 13% af tekjum sveitarfélaga, samanborið við 12,6% árið áður. Eðli máls samkvæmt eru framlög jöfnunarsjóðs mjög mismunandi eftir sveitarfélögum. Í mynd 5 eru framlög sjóðsins sýnd sem hlutfall af tekjum sveitarfélaga sem raðað er í fallandi röð eftir íbúafjölda. Meirihluti sveitarfélaga, eða 48 þeirra, fær framlög sem eru yfir 20% af tekjum.


Jöfnunarframlög 48 sveitarfélaga yfir 20% tekna



MYND 5. FRAMLÖG JÖFNUNARSJÓÐS SEM HLUTFALL AF TEKJUM SVEITARFÉLAGA 2015.

Þjónustugjöld

Yfirlit yfir álagningu skatta og fasteignagjalda hjá einstökum sveitarfélögum er að finna í töflum 12 og 13. Gjöldin sem hér um ræðir eru fráveitugjald, vatnsgjald, sorpeyðingargjald, sorphirðugjald og lóðarleiga. Álagningarreglur eru mjög mismunandi eins og taflan ber vitni um.



MYND 6. TEKJUR LEIKSKÓLA (LEIKSKÓLAGJÖLD) SEM HLUTFALL AF REKSTRARKOSTNAÐI LEIKSKÓLA.


Leikskólalagjöld hafa lækkað í hlutfalli við kostnað

Um helmingur útgjalda sveitarfélaga er rekstur leik- og grunnskóla. Þau ráku 167 grunnskóla og 225 leikskóla árið 2015 eins og lesa má úr töflum 17 og 18. Árið 2002 námu tekjur leikskóla (leikskólalagjöld) um 30% af rekstrarkostnaði. Þessi hlutfallstala hefur farið lækkandi nær samfelld síðan og var 15% á árinu 2015 og hefur því lækkað um helming á 15 árum. Ítarlegar upplýsingar er að finna um starfsemi leikskóla á árinu 2015 í töflu 18. Einnig má benda á efni um leik- og grunnskóla í útgáfu sambandsins á *Lykiltölum úr rekstri sveitarfélaga 2015*.

Útgjöld og rekstrarkostnaður

Helmingur til fræðslumála

Í töflu 2 er að finna yfirlit yfir tekjur og útgjöld helstu málaflokka sveitarfélaga árið 2015. Mynd 7 sýnir skiptingu útgjalda eftir málaflokkum. Fræðslu- og uppeldismál er um helmingur útgjalda málaflokka.



MYND 7. SKIPTING ÚTGJALDA MILLI HELSTU MÁLAFLOKKA 2015.


Ítarlega sundurliðun á rekstri hvers málaflokks, tekjum og útgjöldum, á hvern íbúa er að finna í töflu 6.

Launakostnaður er langstærsti kostnaðarliður sveitarfélaga. Á árinu 2015 námu laun og tengd gjöld 54% af tekjum A-hluta, en 61% þegar breytingu lífeyrisskuldbindinga er bætt við. Til samanburðar má nefna að árið 2014 nam launakostnaður 52% af tekjum og 55% með lífeyrisskuldbindingum. Þessa þróun má rekja til þess að samkvæmt Hagstofu Íslands hækkuðu laun starfsmanna sveitarfélaga að meðaltali um 9,4% milli 2014 og 2015 samanborið við 7,1% hækkun á vinnumarkaði í heild. Í B-hluta eru fyrirtæki, s.s. veitur og hafnir, sem eru mjög fjármagnsfræk og launakostnaður þeirra hlutfallslega minni en í rekstri A-hluta. Launakostnaður samstæðu sveitarfélaga (A- og B-hluta) nam 46% af tekjum og 52% að teknu tilliti til lífeyrisskuldbindinga.

Launakostnaður nam 61% tekna 2015 ...

Þróunin frá 2002 til 2015 er sýnd í mynd 8. Yfir árabilið 2002 til 2015 námu laun og tengd gjöld að meðaltali 51% af tekjum A-hluta sveitarfélaga og 54% að viðbættum breytingum á lífeyrisskuldbindingum. Myndin sýnir að launakostnaður hefur ekki numið jafn háu hlutfalli af tekjum og árið 2015.

en 54% að meðaltali 2002-2015



MYND 8. LAUNAKOSTNAÐAR Í HLUTFALLI VIÐ TEKJUR.

Með setningu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða árið 1996 voru gerðar breytingar á ávinnslu lífeyrisréttinda. Lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna var þá skipt í tvo hluta. Í B-hluta var ávinnsla réttinda óbreytt, en sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Full ábyrgð launagreiðenda er á skuldbindingum B-deilda, en um er að ræða B-deildir Brúar (LSS) og LSR.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna B-deilda hækkaði mjög á milli 2014 og 2015. Þá hækkun má rekja til tveggja þátta, hækkunar launa skv. kjarasamningum og breytinga á tryggingafræðilegum forsendum. Líflíkur hafa verið að lengjast um langt skeið. Íslenskir tryggingastærðfræðingar hafa við mat á lífeyrissjóðum notað líflíkur meðaltala undangenginna fimm ára, þannig að á árinu 2015 er miðað við reynslu árána 2010 til 2014. Þessi aðferð hefur leitt til þess að metnar líflíkur hafa hækkað frá ári til árs og þar með lífeyrisskuldbindingar. Árið 2015

Auknar lífslíkur og lífeyrir


kynntu tryggingastærðfræðingar nýja aðferðafræði við mat á lífslíkum. Í stað þess að horfa til baka á lífslíkur skv. reynslu undangenginna ára, horfir hin nýja aðferð fram á við og spáir fyrir um lífslíkur til næstu áratuga. Þessi aðferð mun vera notuð víða um lönd. Hún hefur í för með sér að metnar lífslíkur hækka verulega strax og ættu að vera stöðugar næstu árin eða áratugin. Ákveðið var að fresta því að innleiða þessa nýju aðferðafræði. Reykjavíkurborg ákvað engu að síður að meta lífeyrisskuldbindingu með hinni nýju aðferð og fyrir vikið jókst lífeyrisskuldbinding borgarinnar um 6.500 m.kr. umfram það sem annars hefði orðið. Í heild hækkuðu lífeyrisskuldbindingar Reykjavíkurborgar um 14.623 m.kr. vegna A-hluta.

Ábyrgð vegna A-deilda

Ábyrgð sveitarfélaga gagnvart A-deildum lífeyrissjóða er með öðrum hætti. Felst hún í því að launagreiðendum er skylt að sjá til þess að móttframlag þeirra til sjóðanna nægi til að jafnvægi sé á milli eigna lífeyrissjóðs og skuldbindinga hans til greiðslu lífeyris. Í reynd hefur iðgjald ekki verið hækkað til að þetta markmið hafi náðst og hafa því verið sett lög þar sem lögbundnum vikmörkum milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða hafa verið víkkuð. Þessi skuldbinding lífeyrissjóða vegna A-deilda er hins vegar ekki færð sem skuldbinding í reikninga sveitarfélaga.

Stöðugildum fjölgar

Á ári hverju kannar sambandið fjölda stöðugilda hjá sveitarfélögum og er þeim skipt eftir heildarsamtökum sem launafólk á aðild að. Tekur talningin til 1. apríl á hverju ári. Yfirlit er að finna í töflu 16, greint eftir einstökum sveitarfélögum. Árið 2004 voru 6 stöðugildi á hverja hundrað íbúa en árið 2016 voru þau 6,2. Hafa verður í huga að málefni fatlaðs fólks fluttust yfir til sveitarfélaga árið 2011 og má sjá þess stað í fjölgun stöðugilda milli 2010 og 2011 í mynd 9.




MYND 9. STÖÐUGILDI HJÁ SVEITARFÉLÖGUM EFTIR HEILDARSAMTÖKUM LAUNAFÓLKS.

Framlegð, fjármagnsgjöld og rekstrarniðurstaða

Með framlegð er átt við tekjur umfram rekstrargjöld, þ.e. allan annan kostnað en afskriftir. Framlegð sýnir það sem reksturinn skilar upp í afskriftir og

fjármagnsgjöld. Hækkun launakostnaðar frá 2014 til 2015 tók mikinn toll og framlegð lækkaði mikið frá árinu áður. Framlegð nam aðeins 1,1% af tekjum 2015, samanborið við 5% árið áður. Bæði afskriftir og nettó fjármagnsgjöld voru einnig meiri að tiltölu við tekjur en árið áður. Þetta má sjá í myndum 10 og 11.


Framlegð aðeins 1,1% af tekjum



MYND 10. FRAMLEGÐ OG REKSTRAR-NIÐURSTAÐA A-HLUTA, % AF TEKJUM, 2014.

MYND 11. FRAMLEGÐ OG REKSTRAR-NIÐURSTAÐA A-HLUTA, % AF TEKJUM, 2015.

Framlegð er sett fram sem hlutfall af tekjum í mynd 12 og afskriftir, fjármagnsgjöld og rekstrarniðurstaða (með óreglulegum liðum) með sama hætti. Framlegð nam 15,5% af tekjum 2007 og lækkaði mikið árið eftir þegar hrunið skall á og nam 3,8% af tekjum. Næstu árin jókst framlegð að tiltölu við tekjur og nam röskum 9% árið 2013. Árin 2014 og 2015 lækkaði framlegð á nýjan leik.




MYND 12. FRAMLEGÐ, AFSKRIFTIR, FJÁRMUNATEKJUR OG REKSTRARNIÐURSTAÐA A-HLUTA SVEITARFÉLAGA.

Fjármálareglur sveitarstjórnarlaga gilda um samstæðureikninga sveitarfélaga. Samkvæmt jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga mega samanlögð heildarútgjöld A-

Jafnvægisreglan

og B-hluta ekki vera hærri en samanlagðar reglulegar tekjur þeirra á hverju þriggja ára tímabili. Árin 2013 og 2014 skilaði samstæða sveitarfélaga rekstrarafgangi, 5-6% af tekjum og samanlagt rösklega 31.000 m.kr. Rekstrartapið á árinu 2015 nam hins vegar 1.922 m.kr., sem er 0,6% af tekjum. Á undangengnu þriggja ára tímabili, 2013-2015, voru því tekjur samstæðunnar umfram útgjöld sem nemur um 29.000 m.kr.




MYND 13. REKSTRARNIÐURSTAÐA A- OG B-HLUTA SVEITARFÉLAGA Á HVERJU ÞRIGGJA ÁRA TÍMABILI. M.KR. Á VERÐLAGI HVERS ÁRS.

Efnahagsreikningur

Á efnahagsreikningi sveitarfélaga eru það fyrst og fremst skuldir og skuldbindingar sem horft er til. Eigið fé, mismunur eigna og skulda, hefur ekki sama vægi í opinberum rekstri s.s. sveitarfélaga, og í einkarekstri.

Árið 2015 námu skuldir og skuldbindingar A- og B-hluta sveitarfélaga 171% af tekjum. Þegar veltufjármunir eru dregnir frá lækkar skuldahlutfallið í 146%. Þróunin frá 2002 er sýnd í mynd 14. Árið 2007 seldu Akureyrarbær og Reykjavíkurborg hlut sinn í Landsvirkjun og var andvirðið lagt inn í lífeyrissjóði, eins og umsamið var, og lífeyrisskuldbinding lækkuð sem því nam. Skuldahlutfallið hækkaði sem vænta mátti verulega árin 2008 til 2010, ekki síst vegna umfangs gengistryggðra lána í B-hluta og samdráttar í tekjum. Eins og myndin ber með sér hefur hlutfallið lækkað umtalsvert frá því það var hæst árið 2010.


Nettó skuldir 146% af tekjum



MYND 14 SKULDAHLUTFALL A-HLUTA OG A- OG B-HLUTA AÐ FRÁDREGNUM VELTUFJÁRMUNUM.

Þegar horft er til einstakra sveitarfélaga blasir við að skuldastaða er mjög mismunandi. Nokkur minni sveitarfélög eiga veltufjármuni í sjóði sem eru meiri en nemur heildarskuldum og skuldbindingum þeirra. Önnur skulda umtalsverða fjármuni. Mynd 15 dregur þetta fram og sýnir annars vegar skuldahlutfall A-hluta og hins vegar A- og B-hluta árið 2015, en veltufjármunir eru dregnir frá skuldum allra sveitarfélaga. Af mynd 15 má ráða að skuldir B-hluta eru verulegar, en sveitarfélög standa í ábyrgð fyrir þeim skuldum.

Skuldastaða mismunandi



MYND 15. SKULDAHLUTFALL A OG A- OG B-HLUTA EFTIR SVEITARFÉLÖGUM 2015.

Skuldaregla sveitarstjórnarlaganna kveður á um að skuldir og skuldbindingar samstæðu (A- og B-hluta) sveitarfélaga skuli ekki vera umfram 150% af tekjum. Við útreikning á skuldaviðmiðinu er heimilt, skv. reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012, að draga frá:

Skuldareglan

- Langtímaleiguskuldbindingar af hálfu ríkissjóðs um stöðugar tekjur af fjárfestingunni.
- Núvirði lífeyrisskuldbindinga sem reiknað er með að komi til greiðslu eftir 15 ár eða síðar.
- Jákvætt hreint veltufé (veltufjármunir að frádregnum skammtímaskuldum). Sérákvæði gilda um veitu- og/eða orkufyrirtæki sveitarfélaga skv. fyrrnefndri reglugerð. Undanskilja skal reikningskil viðkomandi veitu- og/eða orkufyrirtækja frá útreikningum á viðmiðum um skuldir eða jafnvægi ef útgjöld eða skuldir viðkomandi fyrirtækja eru umfram ákveðið hlutfall af útgjöldum og skuldum samstæðu viðkomandi sveitarfélags.

Sjóðstreymi – veltufé frá rekstri

Hvað er veltufé?

Sjóðstreymi rekur hvernig reksturinn skilar veltufé og hvernig því er varið til fjárfestinga og afborgana lána. Á rekstrarreikning eru færðar ýmsar reiknaðar stærðir sem ekki hafa áhrif á peningalega stöðu. Þar skipta afskriftir og breyting lífeyrisskuldbindinga mestu. Í sjóðstreymisreikningi eru þessir reiknuðu liðir dregnir frá og fæst þá veltufé frá rekstri. Veltufé frá rekstri segir til um hvaða fjármuni sveitarfélag hefur úr eigin rekstri til að greiða afborganir vegna skulda og skuldbindinga. Þannig er veltufé frá rekstri til marks um það hversu háar fjárhæðir eru til ráðstöfunar eftir að búið er að greiða rekstrarkostnað. Veltufé frá rekstri er einnig ætlað að greiða fyrir fjárfestingar sveitarfélaga. Fjármögnun þeirra, sem og afborganir af skuldum, geta einnig verið með nýjum lánnum eða samblandi beggja þátta. Handbært fé frá rekstri fæst með því að leggja við/draga frá breytingar á veltufjármunum (lausaskuldir, birgðabreyting og viðskiptakröfur).


Veltufé jókst

Árið 2015 skilaði rekstur A-hluta sveitarfélaga veltufé sem nam 16.627 m.kr. Þrátt fyrir að rekstrarniðurstaða 2015 hafi verið töluvert lakari en 2014 var veltufé frá rekstri hærra árið 2015 en 2014. Ástæða þessa er að lakari rekstrarniðurstöðu síðara árið má að miklu leyti rekja til breytinga á lífeyrisskuldbindingum sem er reiknuð stærð og hreyfir ekki við veltufé.

Veltufé A- og B-hluta nam samtals 52.138 m.kr. 2015 og 46.975 m.kr. árið áður. Veltufé samstæðunnar er þannig margfalt á við veltufé A-hluta. Þessu ræður einkum að í B-hluta er mikið um fjármagnsfrekan rekstur, s.s. veitur og hafnir, og afskriftir því miklar.

Viðmið eftirlitsnefndar

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga miðar við að þau sveitarfélög sem skulda um 150% af tekjum sínum þurfi að lágmarki að skila veltufé frá rekstri sem nemur 7,5% rekstrartekjum. Þá miðar nefndin við að 5% hlutfall þurfi að lágmarki fyrir sveitarfélög með 100% skuldahlutfall.



MYND 16. VELTUFÉ FRÁ REKSTRI A-HLUTA OG A- OG B-HLUTA, SEM HLUTFALL AF TEKJUM.

Á mynd 16 er veltufé sýnt sem hlutfall af tekjum frá 2002 til 2015. Það fór vaxandi árin fram að hruni, en hrunið batt enda á þá þróun og veltufé lækkaði hlutfallslega 2008 og 2009. Í kjölfar hrunsins skilaði rekstur á ný auknu veltufé og náði sú þróun til ársins 2012 er veltufé A-hluta nam 10,2% af tekjum og samstæða skilaði 18,4%. Árið 2015 var veltufé A-hluta 6,5% og samstæða 15,4%.

Sjóðstreymi – fjárfesting og fjármögnun

Úr sjóðstreymi má lesa hvernig handbæru fé er varið til kaupa og sölu á rekstrarfjármunum (fjárfestingarhreyfingar), fjármögnunar (fjármögnunarhreyfingar) og peningalegs sparnaðar (breyting handbærs fjár). Fjárfestingu má fjármagna með handbæru fé, með lántökum eða með því að ganga á eignir.


Í myndum 17 og 18 er fjárfestingu sveitarfélaga stillt upp á móti fjármögnun hennar (samtölu söluverðs og handbærs fjár frá rekstri). Á mynd 17 er horft til A-hluta. Þar kemur fram að árin 2004 til 2007 er fjárfesting minni en handbært fé og andvirði sölu eigna. Það gefur svigrúm til að greiða niður skuldir eða auka við handbært fé. Árin 2008 til 2010 horfa öðruvísi við. Fjárfesting varð meiri en fjármögnun og lántöku þurfti til að brúa það bil. Árin 2011-2013 skilaði reksturinn auknu handbæru fé á ný og lán voru greidd niður. Lántökur og afborganir langtímalána í A-hluta hafa haldist nokkuð í hendur árin 2014 og 2015. Síðustu fimm árin hefur fjárfesting A-hluta verið um 8% af tekjum og lækkað mikið frá fyrri árum.

Þegar B-hluta er bætt við eins og gert er í mynd 18 verða línur enn skýrari. Árin fram að hruni einkenndust af miklum fjárfestingum og talsverðum lántökum. Árin 2008 og 2009 minnkaði handbært fé úr rekstri í hlutfalli við tekjur, samtímis því að fjárfesting jókst verulega. Árin 2011 til 2015 hafa einkennt af minni fjárfestingum og aðhaldi í rekstri. Þetta kemur einna skýrast fram þegar horft er


Fjárfesting og fjármögnun

Aukið aðhald og ráðdeild


til A- og B-hluta. Mynd 20 sýnir að afborganir langtímalána hafa verið umtalsvert meiri en nýjar lántökur og skuldahlutfall lækkað verulega.




MYND 17. FJÁRFESTING OG FJÁRMÖGNUN A-HLUTA, % AF TEKJUM.



MYND 18. FJÁRFESTING OG FJÁRMÖGNUN A- OG B-HLUTA, % AF TEKJUM.



MYND 19. LÁNTAKA OG AFBORGANIR LANGTÍMALÁNA A-HLUTA, % AF TEKJUM.



MYND 20. LÁNTAKA OG AFBORGANIR LANGTÍMALÁNA A- OG B-HLUTA, % AF TEKJUM.

2 JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að jafna mismunandi útgjaldabörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Innanríkisráðherra hefur á hendi yfirstjórn jöfnunarsjóðs og tekur ákvarðanir um úthlutun framlaga úr sjóðnum, annarra en bundinna framlaga, að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar. Nefndin er skipuð af innanríkisráðherra til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sex nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga en einn er skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á grundvelli 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, eru jöfnunarsjóði tryggðar tekjur með eftirfarandi hætti, sbr. 4. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, með síðari breytingum.

- a. Framlagi úr ríkissjóði er nemur 2,355% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. (Þar af skal fjárhæð er nemur 0,235% af innheimtum skatttekjum renna til málefna fatlaðs fólks).
- b. Árlegu framlagi úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
- c. Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert:
 1. er nemur 0,77% til jöfnunar vegna rekturs grunnskóla.
 2. er nemur 0,99% til jöfnunar vegna málefna fatlaðra.
- d. Vaxtatekjum.

Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er varið til að greiða framlög úr sjóðnum á grundvelli ákvæða reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, með síðari breytingum. Sérstakar reglugerðir og reglur kveða nánar á um greiðslur einstakra framlaga og er þeirra getið sérstaklega.

Framlög sjóðsins eru eftirfarandi:

Bundin framlög skv. 6. gr.

Bundin framlög greiðast til eftirfarandi samtaka og stofnana sveitarfélaga: Sambands íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtaka sveitarfélaga, Innheimtustofnunar sveitarfélaga, Umsjónarnefndar eftirlauna og Húsafriðunarsjóðs.

Sérstök framlög skv. 7. gr.

Framlögin greiðast til sveitarfélaga vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi þeirra eða rekstri. Um framlögin þarf að sækja sérstaklega að undanskildum framlögum, sbr. d-lið. Á grundvelli sérstakra framlaga eru veitt eftirfarandi framlög:

- a. Framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. reglur nr. 295/2003, með síðari breytingum.
- b. Framlög til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga í samræmi við tillögur eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga.
- c. Framlög til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbylum, sbr. reglugerð nr. 973/2000, með síðari breytingum. Bændasamtök Íslands annast stjórnsýslu varðandi meðferð umsókna og tillögugerð að úthlutun framlaganna.
- d. Framlög til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum.
- e. Framlög til ráðstöfunar til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum, sbr. reglugerð nr. 150/2013 og samkomulag ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008. Með reglugerð nr. 1205/2012 um breytingu á reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur, nr. 118/2003 með síðari breytingum, voru húsaleigubætur hækkaðar 1. janúar 2013 og stigin fyrstu skref í átt að nýju húsnæðisbótakerfi sem innleitt er í áföngum. Sá kostnaðarauki sem af breytingu á reglugerðinni hlýst er borinn af ríkissjóði.
- f. Framlög til sérstakra verkefna á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og leitt til frekari hagræðingar í rekstri þeirra og þjónustu.

Jöfnunarframlög skv. 8. gr.

Til jöfnunarframlaga er varið þeim tekjum jöfnunarsjóðs skv. a- og b-lið 4. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010, sbr. eftirfarandi:

- a. Tekjujöfnunarframlögum er úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Útreiknuð framlög eru miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra. Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.
- b. Útgjaldajöfnunarframlögum er varið til að mæta mismunandi útgjaldþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldþörf. Framlögum er skipt í A- og B-hluta. Við útreikning framlaga á grundvelli A-hlutans er tekið mið af viðmiðum er tengjast íbúafjölda, fjarlægðum innan sveitarfélags, fjölda þéttbýlisstaða umfram einn, fækkun íbúa og snjómokstri í þéttbýli. Undir B-hlutann falla framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli sem er sjálfstæð eining innan útgjaldajöfnunarframlaganna.

Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla skv. 9. gr.

Tekjum jöfnunarsjóðs af 0,77% hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert að frádregnu bundnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga er varið til að jafna kostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 351/2002, með síðari breytingum.

Framlög sem veitt eru á grundvelli reglugerðar nr. 351/2002

- a. Almenn framlög: Til þeirra framlaga er varið um 70% af því fjármagni sem jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar til greiðslu framlaga til reksturs grunnskóla.
- b. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda: Um er að ræða sérstök viðbótarframlög vegna mikillar þjónustuþarfar fatlaðra grunnskólanemenda og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna yfirtöku á rekstri sérskóla/sérdeilda.
- c. Framlög vegna nýbúafraeðslu: Um er að ræða viðbótarframlög vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna starfa verkefnastjóra og kennsluráðgjafa.
- d. Framlag vegna reksturs skólabúða að Reykjum: Framlag er greitt á grundvelli samnings við Húnaþing vestra sem er rekstraraðili skólabúðanna.
- e. Framlag til Barnaverndarstofu: Framlag er greitt vegna kennslu barna sem vistuð eru af stofnuninni utan lögheimilissveitarfélags og er síðan innheimt af jöfnunarframlögum til viðkomandi sveitarfélags.
- f. Önnur framlög: Framlög eru greidd vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla og til einstakra verkefna til þróunar í skólastarfi. Hér fellur undir greiðsla til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna kennslu langveikra barna með lögheimili utan Reykjavíkur.

Jöfnunarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk skv. 10. gr.

Á grundvelli ákvæða í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 23. nóvember 2010 fór fram á árunum 2014 og 2015 endurmat á faglegum og fjárhagslegum árangri tilfærslunnar. Samhliða því að skýrsla verkefnastjórnar um faglegt og fjárhagslegt endurmat á yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaganna var kynnt í desember 2015 var undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um endanlega niðurstöðu um fjármögnun þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Samkomulagið felur í sér að framlag ríkisins í jöfnunarsjóð sem var 2,12% af innheimtum skatttekjum var hækkað í 2,355% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Hækkunin, 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs, rennur til jöfnunar vegna þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Er þetta umtalsverð hækkun framlaga jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk og má áætla að hún geti numið allt að 1,5 ma.kr. á árinu 2016.

Tekjur jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk sbr. reglugerð, nr. 179/2016, eru eftirfarandi á árinu 2016:

- a. Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars er nemur 0,99%.
- b. Framlag úr ríkissjóði er nemur 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- c. Framlag úr ríkissjóði er nemur 180 m.kr. vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA).
- d. Framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna sölu og leigu eigna sem nýttar eru fyrir þjónustu við fatlað fólk.

Framlög veitt á grundvelli reglugerðar nr. 179/2016

- a. Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk. 85% skiptast hlutfallslega miðað við niðurstöðu mælinga á útgjaldaþörf. 14% skiptast hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga 2016 og 1% skiptist hlutfallslega miðað við fjarlægðir innan þjónustusvæðis og að teknu tilliti til fjölda sveitarfélaga innan svæða.
- b. Önnur framlög en til þeirra telst árlegt framlag til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna verkefna er tengjast þjónustu við fatlað fólk á árinu. Jafnframt er sjóðnum heimilt að ráðstafa fjármagni á árinu 2016 til verkefna vegna nýsköpunar og þróunarvinnu, samræmds mats á stuðningsþörf, útfærslu jöfnunaraðgerða og vegna upplýsingaöflunar, greiningar og ráðgjafar.
- c. Framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). Kostnaðarhlutdeild jöfnunarsjóðs í gerðum samningum um NPA nemur 25% á árinu 2016.
- d. Framlög vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna í 5.-10. bekk grunnskólans og í framhaldsskólum.

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 578/2012

Við tilfærslu þjónustu við fatlað fólk færðust yferráð allra fasteigna í eigu ríkisins, sem nýttar hafa verið í þjónustu við fatlaða, til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Tekjur Fasteignasjóðsins eru hlutdeild í tekjum jöfnunarsjóðs af 0,99% hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert ásamt tekjum af sölu og leigu þeirra fasteigna sem sjóðurinn hefur umráðarétt yfir.

Frá yfirfærslu hefur meginstarfsemi Fasteignasjóðsins verið fólgin í sölu og leigu þeirra fasteigna sem sjóðurinn hefur yferráðarétt yfir og sveitarfélögin hafa nýtt í þjónustu við fatlaða. Fasteignir sem Fasteignasjóður jöfnunarsjóðs fékk umráðarétt yfir við yfirfærsluna eru nú allar seldar nema tvær sem eru leigðar sveitarfélögum og nýttar í þjónustu við fatlaða.

Ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs jöfnunarsjóðs fjallar um stefnumótandi ákvarðanir í rekstri Fasteignasjóðsins og hefur eftirlit með starfsemi hans. Nefndin gerir tillögur til ráðherra um sölu fasteigna sem sjóðurinn hefur umráðarétt yfir og um ráðstöfun söluandvirðis fasteignanna.

Skipunartími nefndarinnar rann út 31. desember 2015 en ákveðið var að endurvekja starf hennar frá og með 1. júlí 2016 til og með 31. desember 2016.

Meginhlutverk nefndarinnar til áramóta verður að móta framtíðarskipan fasteignamála innan jöfnunarsjóðs hvað málaflökk fatlaðs fólks varðar.

Framlög til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda

Þann 13. apríl 2016 var undirritað nýtt samkomulag milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um málefni tónlistarskóla. Samkomulagið er að stórum hluta um sömu atriði og samkomulag sem undirritað var milli sömu aðila árið 2011 og síðan endurnýjað 2014.

Samkvæmt samkomulaginu greiðir ríkissjóður árlegt styrktarframlag í jöfnunarsjóð sem renna skal til greiðslu kennslukostnaðar í samræmi við markmið 1. gr. samkomulagsins. Á móti skuldbinda sveitarfélögin sig til að standa áfram tímabundið straum af verkefnum frá ríkinu sem nema 230 m.kr. á árinu.

Starfshópur um heildarendurskoðun jöfnunarsjóðs

Frá árinu 2011 hefur vinnuhópur í innanríkisráðuneytinu unnið að þróun útgjaldajöfnunarkerfis sem gerir jöfnunarsjóði kleift að meta útgjaldaþarfir sveitarfélaga með nákvæmari hætti en áður.

Verkefnið er viðamikið og flókið enda er um að ræða nýja hugmyndafræði við jöfnun á útgjöldum og tekjumöguleikum sveitarfélaga. Kjarninn í nýjum aðferðum er að þeim verði beitt við jöfnunaraðgerðir þar sem:

- Framlög með jöfnunartilgang verði sameinuð í eitt jöfnunarframlag. Jöfnunarframlög vegna málaflökks fatlaðs fólks verða þó undanskilin hér.
- Fundnar verði nýjar leiðir til að meta útgjaldaþarfir sveitarfélaga vegna lögbundinna verkefna.
- Tekið er mið af hámarkstekjum sveitarfélaga af útsvari og fasteignaskatti en framlag ræðst síðan af mismun mældra útgjalda og tekna.

Vinnuhópurinn hefur skilað drögum að líkani að nýju fyrirkomulagi eins og greint er frá hér að framan sem kemur til móts við nýjar aðferðir við jöfnun eins og lýst er hér að framan. Engu að síður er nokkur vinna eftir við lokafrágang verkefnisins og gerð nýs líkans.

Því hefur verið skipuð nefnd sem hefur það hlutverk að gera endanlegar tillögur um fyrirkomulag nýrra aðferða við jöfnun á útgjaldaþörfum og tekjumöguleikum sveitarfélaga. Nefndin kom saman til fyrsta fundar 14. september 2016.

Nefndin er þannig skipuð:

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, formaður, tilnefndur af innanríkisráðherra.

Guðný Sverrisdóttir, formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, tilnefnd af innanríkisráðherra.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Stefán Eiríksson, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Sigurður Guðmundsson, sérfræðingur, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Guðrún Ögmundsdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Uppgjör jöfnunarsjóðs á rekstrargrunni

Jöfnunarsjóður hefur frá yfirfærslu grunnskólans verið gerður upp bæði á rekstrar- og greiðslugrunni. Á rekstrargrunni hafa verið gerð upp þau framlög sjóðsins sem byggjast á lögbundnum framlögum frá ríki. Á greiðslugrunni hafa verið gerð upp þau framlög sem byggja á hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars, þ.e. framlög vegna yfirfærslu grunnskólans og framlög vegna þjónustu við fatlað fólk.

Á síðasta ári var ákveðið að færa uppgjör þeirra framlaga sjóðsins sem tengjast yfirfærslunum báðum á rekstrargrunn til samræmis við færslu sveitarfélaganna á tekjum af staðgreiðslu. Breytingin náði fram að ganga hvað árið 2015 varðar. 13. mánuður framlaga vegna grunnskólans og málefna fatlaðs fólks var því bókfærður hjá sjóðnum 31. desember 2015 sem inneign sveitarfélaga hjá sjóðnum í árslokinn 2015 þó svo að framlögin vegna 13. mánaðarins hafi ekki komið til greiðslu fyrr en í lok janúar 2016 þegar staðgreiðsla desember mánaðar lá fyrir.

Skipulagsbreytingar hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Hinn 1. janúar 2016 gengu í gildi skipulagsbreytingar hjá sjóðnum. Breytingarnar felast í því að verkþættir sem sjóðurinn annaðist áður fluttust til Fjársýslu ríkisins. Þar á meðal eru greiðslur sjóðsins til sveitarfélaga og annarra samstarfsaðila sjóðsins ásamt því að Fjársýslan mun sjá um bókhald og uppgjör jöfnunarsjóðsins.

Framlög vegna húsaleigubóta

Jöfnunarsjóður hefur um árabíl greitt framlög til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum samkvæmt lögum um húsaleigubætur, nr. 137/1997, með síðari breytingum. Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga í apríl 2008 var kveðið á um 60% kostnaðarþátttöku ríkisins í greiðslu sérstakra húsaleigubóta og hefur því sjóðurinn frá árinu 2008 jafnframt komið að greiðslu framlaga til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á sérstökum húsaleigubótum.

Samkvæmt nýlega samþykktum lögum nr. 75/2016 um húsnæðisbætur er gert ráð fyrir að fjármögnun og framkvæmd almenns húsnæðisstuðnings til leigjenda verð alfarið á ábyrgð ríkisins og kostnaður vegna húsnæðisbóta greiðist úr ríkissjóði. Jafnframt er kveðið á um það í lögum að sérstakar húsaleigubætur

(sérstakur húsnæðisstuðningur) verða framvegis verkefni sveitarfélaga. Vegna þessa mun verkefnið hvað greiðslur húsaleigubóta varðar fara alfarið frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Breytingarnar hafa það í för með sér að hlutfall af framlagi úr ríkissjóði í jöfnunarsjóð mun lækka úr 2,355% í 2,111%.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er nú þannig skipuð:

